Alþingi
Erindi nr. Þ 139/552
komudagur 1.12.2010

VEGAGERÐIN

Nefndasvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. nóvember 2010
Tilvísun: 2010110047/90.12
HMS/BH
Tilv. ykkar: Tölvupóstur dags. 30.11.2010.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vörugjald af ökutækjum, 92. mál.**

Með tölvupósti dags. 30.11.2010 er óskað eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreint frumvarp.

Vegagerðin gerir eftirfarandi athugasemd við lagafrumvarp þetta (þskj. 98 - 92.mál):

Sérstakt vörugjald af bensíni og olíugjald eru markaðar tekjur sem renna til Vegagerðarinnar og standa undir nýbyggingu vega, viðhaldi vega og þjónustu við vegfarendur. Eftir því sem fleiri eru undanþegnir því að greiða fyrir afnot af vegakerfi landsmanna minnka tekjur Vegagerðarinnar og draga verður úr framkvæmdum, viðhaldi og þjónustu við vegfarendur. Að öðrum kosti þarf ríkissjóður að bæta Vegagerðinni tekjutapið með öðrum hætti.

Virðingarfyllst,

Hreinn Haraldsson

Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri.